

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

1. tbl. · 16. árg. · Janúar 2019

Þorrablót Gnúpverja Árnesi föstudaginn 25. janúar 2019

BANDMENN



Bandmenn leika fyrir dansi

Húsið opnar kl. 20:00
Dagskrá hefst kl. 20:45

Miðaverð: 8.500.-

Miðapantanir:

Halla Sigga s. 844-5792

Úlfhéðinn s. 868-6706

**Leigubílar Suðurlands
verða á svæðinu**

Sími: 482-3800

Pantanir og greiðslur þurfa að berast fyrir **mánudagskvöldið 21. janúar**.
Fólk er beðið að stilla miðapöntunum í hóf.

Afhending miða fer fram í Árnesi þriðjudaginn 22. janúar kl. 18-20.

Ein greiðsla er á hverja pöntun og skal millifæra á kt. 110990-2869 og reikn. 0123-05-010415. Kvittun sendist á netfangið: thorrablotgnupverja@gmail.com.

Þetta er pokaball þar sem ekki er bar í húsinu. Gos verður ekki selt á staðnum.



Árnes:

22. febrúar

22. mars

19. apríl

Brautarholt:

8. febrúar

8. mars

5. apríl

Opið: 18:00-20:30

Starfsfólk Pizzavagnsins og
Korngús kjötvinnslu óskar
öllum gleðilegs nýs árs og
þakkar viðskiptin á liðnu ári

Sími: 899-2910

Staðurinn sem kemur til þín

www.pizzavagninn.is

**6
SPILAKVÖLD**

Félagsvist í Brautarholti
18 jan, 1 og 8 febrúar
kl. 20:00

ALLIR VELKOMNIR

Country Taxi er nú hættur störfum.

Við óskum öllum gleðilegs nýs árs og
þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Kær kveðja, Halldór og Jóhanna

Opnunartími:
Mán.-lau. 9-19
Sun. 10-19



ÁRBORG
www.arnes.is



Sími
486 6006



Heilsugæslustöðin Laugarási
Sími: 432 2770 Fax: 432 2771

Opið virka daga kl. 8-16
Símatímar lækna kl. 9-9:30 & 13-13:30

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9.
Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi.
Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.
María Kristjánsdóttir forstöðumaður maria@hveragerdi.is
Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180



Í NEYÐARTILVIKUM
HRINGIÐ Í 112



Það logaði glatt í áramótabrennunni í
Brautarholti á gamlársgang síðastliðinn!



Gleðilegt ár og takk fyrir góða skemmtun og fróðleik bak við eldavélina undanfarin ár. Ég vil þakka stórkaupmanninum Gunnari í Árborg þetta mikla traust.

Í upphafi árs er fólk oft með einhver góð fyrirheit um bætta lífsstíl og þess háttar, sem oftast en ekki reynist erfitt að standa við. En ég ætla að byrja á því að setja hér uppskrift sem ég held að hjálpi okkur meira en margt annað, til að lifa betra lífi.

Uppskrift að hamingju:
2 sléttfullir bollar af gleði
1 hjartafylli af kærleika
2 handfylli af örlæti
dash af dillandi hlátri
slatti af knúsi
1 höfuðfylli af skilningi og samhyggð

Vætið örlátlega með góðvild, látið helling af trú og einlægni og blandið vel.

Breiðið svo yfir þetta með heilli mannsævi. Berið á borð fyrir alla sem ganga með þér í þessari jarðvist.

Þegar við höfum fengið smjörþefinn af þessu góðgæti þá er ekki úr vegi að útbúa góða fiskisúpu, ég tala nú ekki um eftir allt kjótatið um jól og áramót.

Fiskisúpa sjóarans:

2 laukar
3 hvítlauksrif
1 þúrlulaukur
2-4 tsk karri

Þetta er látið krauma í karrínunni í svolitinn tíma.

½ dós af niðursoðnum tómötum
1 dós apríkósur ásamt safu
6-7 dl fiskikraftur

Þetta er sett út í karrilaukinn og látið malla í potti í ca.2 klst.

3-4 dl. rjómi
Dill
Rækjur, skelfiskur, þorskur, lúða eða hvaða fiskur sem vill.

Magn af fiski er smekksatriði. (ég set í þessa uppskrift ca. 1 kg. af fiski, þá blandað af tegundum)

Rjóminn er settur út í pottinn 30 mín. áður en súpan er borin fram og fiskurinn látinn sjóða með síðustu 10-15 mín. fer eftir hvaða tegund er notuð. Rækjur og skelfiskur þurfa mjög stuttan tíma. Smakka til með salti og pipar.

Berið fram með hamingjuríku nýbökðu brauði og ekki spillir smá hvítvínslög með.

Verði ykkur að góðu.
Kveðja, Sigrún Sím.

Ég skora á Árna Má á Hlemmiskeiði að gefa okkur næst einhverja af sínum góðu uppskriftum.

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12
Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:
Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16
Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þurður Jónsdóttir
486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari, vefumsjón & öryggisvörður:
Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús
Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt
486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólustjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórarskóli
Sími 486-6000
Skólustjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Atvinna



Skeiða- og Gnúpverjahreppur auglýsir starf forstöðumanns þjónustumiðstöðvar laust til umsóknar.

Verkefni forstöðumanns:

- Umsjón og eftirlit með eignum sveitarfélagsins. Þar eru meðtaldar fasteignir, gatna- og veitukerfi auk landssvæða.
- Umsjón framkvæmda
- Umsjón Sorþþjónustu
- Rekstur áhaldahúss
- Umsjón vinnuskóla
- Samskipti við verktaka
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við sveitarstjóra

Menntunar – og hæfniskröfur:

- Sveinspróf ásamt reynslu í bygginga- og/eða málmiðngreinum
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Aukin ökuréttindi
- Skipulagsfærni og frumkvæði.
- Hreint sakavottorð
- Þekking á staðháttum er kostur

Undir þjónustumiðstöð Skeiða- og Gnúpverjahrepps heyrir öll þjónusta og umsjón eigna og framkvæmda á vegum sveitarfélagsins. Þar eru meðtaldar allar fasteignir, veitur og landeignir ásamt ýmsu lausafé. Auk þess sorþþjónusta við íbúa og fyrirtæki. Umsjá vinnuskóla tilheyrir þjónustumiðstöð. Þjónustumiðstöðin rekur áhaldahús sem starfrækt er í nýju og vel útbúnu iðnaðarhúsnæði.

Um 100 % starf er að ræða. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjara-samningi sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur til 4. febrúar næstkomandi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir

Kristófer Tómasson sveitarstjóri í sínum 486-6100 og 861-7150. Umsóknum skal skila á netfang sveitarstjóra: kristofer@skeidgnup.is



Ábyrgðarmaður:

Kristófer A. Tómasson

Umsjón og umbrot:

RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson

Heimasíða: www.skeidgnup.is

Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 350 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er:
föstudaginn 8. feb
Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is

Munum eftir smáfuglunum



Leikskólinn Leikholt



Við óskum öllum gleðilegs nýs árs.

Í lok nóvember fengum við loksins að fara í salinn okkar góða hér í Leikholti og hefur hann verið vel nýttur síðan.



Í desember mánuði var að mestu jólaþema, skreyta, búa til skraut, jóla-sveinahúfudagur, piparkökubakstur

og að sjálfsögðu voru piparkökurnar skreyttar. Jólaballið var síðan haldið 19. desember og var foreldrum, systkinum og öðrum boðið að koma og eiga jólalega stund með börnunum. Við byrjuðum á að fá jólaeikrit um Stúf og jólaköttinn frá Leikfélagi Selfoss sem dönsuðu svo með okk-



ur í kringum jólatréð með undirleik Magneu Gunnarsdóttur á píanó. Eftir ballið var síðan öllum boðið að fá sér piparkökurnar sem börnin voru búin að baka, mandarínur og kakó. Við þökkum öllum fyrir komuna og samveruna á þessum degi.



Hér í Leikholti eru allir komnir í sína rútínu, hópastarf á sínum stað og margvísleg verkefni. Þemað þessa vorönn verður dýrin í skóginum og vinátta – Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir.

Með bestu kveðjum frá öllum í Leikholti.



Umsókn um leikskólavist í leikskólann Leikholt

Leikskólastjóri vill vekja athygli íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á því að þeir sem ætla að fá leikskólavist fyrir börnin sín í leikskólanum Leikholti árið 2019 geri það sem fyrst. Þetta er til þess að hægt sé að gera ráð fyrir barnafjölda og starfsmannafjölda í húsi fram í tímann.

Með bestu kveðjum, Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri

Nánar um innritunarreglur er að finna á www.skeidgnup.is og þar einnig er hægt að fylla út rafræna umsókn um leikskólavist eða hafa samband við Elínu Önnu í 895-2995 eða leikholt@leikholt.is.

Molar úr fundargerð 12 (9. janúar)

1. Landsvirkjun. Kynning á framkvæmdum. Albert Guðmundsson og Sveinn Kári Valdimarsson frá Landsvirkjun mættu til fundarins. Albert greindi frá áformum um framkvæmdir við Sultartangavirkjun sem miða að því að auka afl hennar um 8 megawött. Orkugeta eykst um 17 GWh/ári. Aukið afl verður fyrst og fremst fengið með breytingu á vélbúnaði. Sultartangavirkjunin hefur virkjunarleyfi fyrir 125 MW. Fyrirhuguð aflaukning virkjunarinnar kallar á breytt virkjunarleyfi. Sveinn Kári sagði frá umhverfisáhrifum. Framhjárennsli mun minnka, minna rennsli verður um gamla farveg Þjórsár. Breytingin mun ekki hafa áhrif á lífríki. Strandlína lönsins mun ekki breytast og landnotkun mun ekki breytast. Endanleg tilkynning um framkvæmdina verður send til Skipulagsstofnunar í lok þessa mánaðar. Albert greindi frá því að Landsvirkjun hefði ákveðið að byggja upp nýjan veg að Hjalparfossi. Verkið verður unnið á næstkomandi vori.

Einnig sagði Albert frá því að ný brú verði lögð yfir Sultarstangaskurð um 100 metrum ofan við núverandi brú, verkið áætluð 1 september 2019. Ástæður fyrir þeirri framkvæmd er að undirstöður undir eldri brú eru ekki nægjanlega góðar. Vegagerðin að Hjalparfossi og brúargerðin verða unnin samhliða.

Albert sagði lauslega frá fyrirhugaðri göngubru á Þjórsá austan við Búrfell. En Landsvirkjun mun standa að þeirri framkvæmd. Hönnun stendur yfir. Stefnt er að því að framkvæmdum við brúna verði lokið í október 2020. Oddviti greindi Albert og Sveini frá friðlýsingaráformum í Þjórsárdal.

2. Launakjör sveitarstjórnarfulltrúa kjörtímabilið 2018-2022. Launakjör sveitarstjórnar voru 87.983 kr. til síðustu áramóta og tekur breytingum að óbreyttu samkvæmt launavísitölu frá 1. janúar sl. Ákvörðun um launakjör frestað til næsta fundar og sveitarstjóra falið að afla upplýsinga um launakjör kjörinna fulltrúa í öðrum sveitarfélögum.

3. Ákvörðun um fundartíma sveitarstjórnarfunda. Samþykkt að fundartímar verði áfram að öllu jöfnu fyrsta og þriðja miðvikudag í hverjum mánuði og hefjist fundirnir kl 9:00.

4. Húsnæðisáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2019-2025.

Sveitarstjóri greindi frá vinnu við gerð húsnæðisáætlunar fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp 2019-2025. Stefnt er að því að húsnæðisáætlunin verði tilbúin á næsta fundi sveitarstjórnar. Sveitarfélagið hefur verið valið í tilraunaverkefni á vegum Íbúðalánasjóðs er miðar að uppbyggingu íbúðar-

húsnæðis. Húsnæðisáætlun er ein af forsendum við þátttöku í því verkefni.

5. Ráðning starfsmanns í áhaldahús og fasteignaumsjón. Sveitarstjóri og oddviti greindu frá áformum um ráðningu starfsmanns í áhaldahús og fasteignaumsjón – forstöðumanni þjónustusviðs. Allnokkrar umræður urðu um málið. Sveitarstjóra falið að semja auglýsingu og auglýsa eftir starfsmanni.

6. Reykholt í Þjórsárdal uppbygging baðstaðar. Beiðni um umsögn. Lagt var fram erindi frá Skipulagsstofnun, undirritað af Matthildi Stefánsdóttur, þar sem óskað var umsagnar um hvort fyrirhuguð framkvæmd við byggingu hótels og baðstaðar í Þjórsárdal skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Rauðukambar ehf. sendi erindi til Skipulagsstofnunar um málið. Með erindinu fylgdi skýrsla unnin af verkfræðistofnunni Eflu að ósk Rauðukamba ehf. Veittur er frestur til 11. janúar nk. Sveitarstjórn mótmælir þeim stutta fresti sem gefin er til að senda umsögnina og felur sveitarstjóra að óska eftir því að fresturinn verði framlengdur til 25. janúar nk. Samþykkt samhljóða að leita til Stefáns Gíslasonar umhverfisfræðings um álitsgerð vegna málsins.

7. Markaðsstyrkur til fyrirtækja. Oddviti greindi frá markaðsstyrk sem gerð var af sveitarstjórn árið 2013.

Greinargerð um styrkinn er eftirfarandi: Eigendur og/eða leigjendur að fasteignum, sbr.3. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr: 6/2001, í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi geta sótt um markaðsstyrk, til að auka nýtingu viðkomandi atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu.

Forsendur fyrir styrknum eru:

1. Að umsókn sé dagsett og skýrt komi fram hvaða ár markaðsátakið fari fram.

2. Að í umsókn komi fram staðsetning og fasteignanúmer fasteignarinnar skv. fasteignaskrá.

3. Að umsækjandi sé eigandi fasteignarinnar eða hafi umboð eiganda til að taka við styrknum. Í því sambandi ber að minna á 23.gr. laga nr:36/1994.

4. Að umsækjandi lýsi skriflega í hverju markaðsátakið sé folgið og áætlaður heildarkostnaður á árinu. Tekið skal sérstaklega fram ef um sameiginlegt markaðsáttak vegna tveggja eða fleiri atvinnuhúseigna, klasasamstarf er að ræða.

5. Ef umsækjanda dettur ekki í hug neitt markaðsáttak eða getur rökstutt að þess sé ekki þörf getur hann sótt um á grundvelli verkefna sem fela í sér aukna sjálfbærni, umhverfisþættingu, kynjajöfnunar og lýðræðisþróunar.

6. Styrkurinn er að hámarki kr. 250.000 á ári.

7. Styrkurinn er reiknaður út frá sömu forsendum og í sömu hlutföllum og fasteignaskattar að frádregnum 1,32% af sama stofni, sbr. 3 gr.laga um tekjstofna sveitarfélaga nr:4/1995 þó aldræi hærri en 25% af fasteignagjöldum viðkomandi eignar.

8. Sveitarstjórn er heimilt að hafna umsókn teljist hún ekki fullnægja skilyrðum.

Samþykkt samhljóða að markaðsstyrkur verði áfram í boði með sömu skilyrðum.

8. Sala iðnaðarhúsnæðis til björgunarsveitarinnar Sigurgeirs. Lagt fram erindi frá formanni björgunarsveitinni Sigurgeir um kaup á hluta sveitarfélagsins í húseigninni Suðurbraut 1. Samþykkt samhljóða að selja björgunarsveitinni eignina á fasteignamatssverði. Samþykkt að hluti greiðslan verði formi styrks. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við stór Björgunarsveitarinnar.

9. Samningur við björgunarsveitina Sigurgeir. Lögð fram drög að endurnýjun samnings milli sveitarfélagsins og björgunarsveitarinnar Sigurgeirs. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við stjórn björgunarsveitarinnar

10. Reglur um atvinnuuppbyggingarsjóð. Lagðar fram reglur um atvinnuefingarsjóð Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sjóðurinn var stofnaður árið 2010 með tilheyrandi reglum. Samþykkt að sjóðurinn verði starfræktur til 1. júní 2022. Umsóknarfrestur verði til 1. apríl ár hvert og úthlutað verði úr sjóðnum 1. maí sama ár.

11. Beiðni um framlag úr atvinnuefingarsjóði- Hraunvellir. Afgreiðslu frestað þar til að úthlutun kemur.

12. Gjaldskrá gatnagerðargjalda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sveitarstjóri lagði fram og kynnti nýja gjaldskrá gatnagerðargjalda. Er hún í megindrættum uppfærð frá eldri forsendum.

Gjaldskrá samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að senda gjaldskrá til auglýsingar í stjórnartíðindum.

Gjaldskráin er eftirfarandi:

GJALDSKRÁ fyrir gatnagerðargjald í þéttbýli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.
Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum í þéttbýli í Árnesi og Brautarholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.
Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í þéttbýli í Árnesi og Brautarholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skal nota það til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum, þ.m.t. vegna götulýsingar, við lagningu bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstiga og opinna svæða. Innifalið í gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarsetningu byggingar og staðsetningu lóðarmarka.

3. gr.
Grunnur gatnagerðargjalds.

a) Grunnur gatnagerðargjalds er byggingarkostnaður á fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Gjaldflokkar eru þrír og skal viðeigandi hundradshluti af byggingarkostnaði vísitöluhúss fjölbýlis lagður á hvern fermetra nýbyggingar.

3%
Einbýlishús með bílgeymslu
Parhús með bílgeymslum
Raðhús með bílgeymslum
Fjölbýlishús með bílgeymslum

2%
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði
Iðnaðarhúsnæði

1%
Hesthús
Útihús gróðurhús o.fl. tengt landbúnaði

b) Flatarmál byggingar skal reikna eftir ÍST 50. Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.

c) Fyrir lagnakjallara og glerskála með gagnsæju þaki greiðist ekki gatnagerðargjald.

d) Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins fjölbýlishúss (nóvember 2018 kr. 220.334).

4. gr.
Lágmarksgjald.

Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds skal að jafnaði miðað við eftirfarandi stærðir:

Einbýlishús með bílgeymslu 160 m² pr. íbúð

Parhús með bílgeymslum 115 m² pr. íbúð

Raðhús með bílgeymslum 105 m² pr. íbúð

Fjölþýlishús með bílgeymslum og sameign 115 m² pr. íbúð

Lágmarksgjald skal þó aldrei vera hærra en skv. 3. gr. laga nr. 153/2006.

5. gr.
Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að haga greiðslu gatnagerðargjalds sem hér segir: Innan þriggja mánaða frá undirskrift lóðarleigusamnings eða útgáfu byggingarleyfis á eignarlóð skal greiða 25% af álögðu gatnagerðargjaldi, 75% þegar lokið er lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu.

6. gr.
Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.

b) Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en sex mánuði.

Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum einn mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt, án vaxta, miðað við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld

nr. 153/2006.

7. gr.
Afturköllun lóðarúthlutunar og heimild til afturköllunar byggingarleyfis, ef gatnagerðargjald er ekki greitt.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskyldum tíma og er hreppsnefnd þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveða svo á í úthlutunar eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, fellur lóðarúthlutun úr gildi og endurgreiðast þá gatnagerðargjöld samkvæmt 6. gr. a-lið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e. að lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum

skilmálum um byggingarfrest.

8. gr.
Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Lögveðsréttur.

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.
Áfangaskipting framkvæmda.
Í þeim tilvikum að lóðarhafi eða lóðareigandi ætli að byggja í áföngum, getur hreppsnefnd heimilað áfangaskiptingu gatnagerðargjalds og skal þá gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipting heimiluð falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykktu áfangaskiptingu eða samþykktir hreppsnefndar.

10. gr.
Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Skeiða- og Gnúpverjahrepp fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar

varðandi gatnagerðargjöld, sem hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, sbr. 2.

tölulíð í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 17/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

11. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 9. janúar 2019, skv. heimild í lögum nr. 17/1996 um gatnagerðargjald og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

13. Kosning fulltrúa í Héraðsnefnd Árnesinga. Samþykkt samhljóða að Björgvin Skafti Bjarnason verði aðalfulltrúi og Einar Bjarnason til vara. Auk þess samþykkt að Ingvar Hjálmarsson verði áheyrnarfulltrúi.

14. Fjárhagsmál-Sjóðstreymisáætlun-fjárþörf janúar-apríl 2019.

Sveitarstjóri lagði fram sjóðstreymisáætlun fyrir sveitarsjóð janúar –

apríl 2019. Rekstur er í jafnvægi. Sveitarstjóri lagði fram beiðni um heimild til töku yfirdráttarláns á veltureikningi sveitarfélagsins allt að 20.000.000 kr. frá 10. janúar til 30. apríl 2019. Samþykkt samhljóða að veita sveitarstjóra umbeðna heimild.

15. Ákvörðun um styrk til inntöku á ljósleiðara. Sveitarstjóri lagði fram tillögu um að styrkur til inntöku ljósleiðara verði hækkaður úr 100.000 kr. í 150.000 kr. pr. nýja tengingu. Samþykkt samhljóða.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is

Viðbragðsáætlun Almannavarna -samfélagsleg áföll-



Skýrslan fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp var gefin út á síðasta ári.

Hún er fánleg á skrifstofu sveitarfélagsins og má hana einnig finna á www.skeidgnup.is

NESLAUG

Sími: 486-6117



Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 18-22

Umsjónarmaður:

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com

Rekstur Skeiðalaugar



Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir aðila til að taka tímabundið að sér rekstur Skeiðalaugar frá 1. apríl 2019.

Áhugsamir setji sig í samband við Kristófer Tómasson sveitarstjóra fyrir 30. janúar í síma 486-6100 eða sendi erindi á netfangið: kristofer@skeidgnup.is

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skaftholti alla daga (Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp.

Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Raftæki. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar.

Umsjónarmaður: Jón F. Sigurðsson GSM: 893-7016

Fyrsta vetrarmót Smára

Verður haldið laugardaginn 2. febrúar næstkomandi í Torfdal á Flúðum. Mótið verður með sama sniði og í fyrra. Tveir eða fleiri inná í einu, riðið eftir þul og dómarar gefa tölur. Líkt og í fyrra ætlum við að hafa opinn flokk opin öllum. Gestir eru einnig velkomnir en þeir greiða 500 kr meira í skráningargjald. Einnig ætlum við að leyfa unglingum og ungmennum að skrá sig í opinn flokk ef þau vilja. Við ætlum að veita verðlaun í lok dags.

Pollastundin okkar verður á staðnum. Hún byrjar 12:30 og verður inn í reiðhöllinni. Skráning hefst klukkan 12:00 og mótið hefst klukkan 13:00.

Hestur þarf ekki að vera í eigu Smárafélaga til þess að mega taka þátt. Við hvetjum alla okkar Smáramenn að mæta og hafa gaman saman á fyrsta vetrarmótinu okkar. ATH! posi ekki á staðnum

Mótanefnd áskilur sér þann rétt að færa mótið inn í reiðhöll ef illa viðrar

Flokkarnir eru:

Pollaflökkur (Þrautabraut inni í reiðhöll)
Barnaflökkur
Unglingaflokkur
Ungmennaflokkur
Áhugamannaflokkur
Opinn flokkur (Opinn öllum)

PS: Við viljum minna á dagsetningarnar á næstu tveimur vetrarmótum, 2. mars og 6. apríl! Fylgist með á Facebooksíðu Smára. Hlökkum til þess að sjá ykkur í Torfdal 2. febrúar n.k.

Mótanefnd



Aðalfundur Smára

SMÁRI



3. Skýrsla stjórnar
4. Skýrslur nefnda
5. Lagabreytingar ef fram koma
6. Kosning stjórnar og varastjórnar
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram
10. Önnur mál

Kjósa þarf formann til eins árs og meðstjórnendur til tveggja ára til að stýra félaginu okkar og leiða það áfram í starfi sem byggir á góðum grunni. Þeir sem hafa hug á að bjóða sig fram til stjórnarstarfa hafi samband við stjórn Smára á netfangið smari@smari.is.

Þeir sem hafa áhuga á málefnum félagsins og framtíðarstörfum þess eru hvattir til að mæta á fundinn.

Léttar veitingar verða í boði félagsins.
Kveðja, stjórn hestamannafélagsins Smára.

Aðalfundur Smára verður haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum sunnudaginn 27. janúar kl. 20:30

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar



**UMHVERFIS
STOFNUN**


Áform um friðlýsingar

Umhverfisstofnun og Skeiða- og Gnúpverjahreppur kynna hér með áform um friðlýsingu svæðis í Þjórsárdals sem nær m.a. til Gjárinnar, Háafoss og nágrennis í samræmi við 50. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun, ásamt sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ og umráðendum ríkisjarða, að höfðu samráði við Ríkiseignir, kynnir hér með áform um friðlýsingu Reykjatorfunnar í Ölfusi.

Áform um friðlýsingu eru kynnt í samræmi við 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga. Gert er ráð fyrir að svæði sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruminjasráðar skuli kynnt sérstaklega.

Frestur til að skila athugasemdum við áform um friðlýsingu er til og með 18. febrúar 2019. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Nánari upplýsingar má finna á www.umhverfisstofnun.is



Einkatímar hjá Rósu Birnu Þorvaldsdóttur

Boðið verður uppá einkatíma hálfs mánaðarlega í reiðhöllinni á Flúðum í vetur. Þetta eru almennir reiðtímar þar sem lögð verður áhersla á góða reiðmennsku og skilvirkar ábendingar. Hver einkatími er 30 mínútur og bæði verður hægt að skrá sig í stakan tíma og á heilt námskeið.



Námskeiðið byrjar um miðjan febrúar, alls verða sex skipti. Verð 5000 kr fyrir hálf tíma, skráning á smari@smari.is.


Kveðja stjórn Smára

Tökum að okkur alla
almenna smíðavinna



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON



859-9559

TÓNSMÍÐJA nútíma tónlistarnám
SUDURLANDS
Tónlistarnám og námskeið - fyrir fólk á öllum aldri

Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736

FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS

lj@skidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

Getraunanúmer
Ungmennafélags Skeiðamanna
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar! **799**

Getraunanúmer
Ungmennafélags Gnúpverja
Við styðjum UMFG með þátttöku okkar! **802**

Föstud. 15. febrúar 2019 Tónleikar/Uppistand Eypór Ingi

**Sælkerahlaðborðið okkar, kaffi og heimagert
konfekt til kl. 19:30 kr. 2.890.**

**Uppistand og tónleikar hefst kl. 20:00
kr. 3.500.**

Barinn opin til kl. 01:00



Farmers Bistro // Garðastígur 8//845 Flúðir
Bókið miða á booking@farmersbistro.is eða í síma 519-0808

Nú hækkar sólin á lofti

Kristófer Tómasson sveitarstjóri



Ég færi ykkur bestu óskir um gleðilegt ár og hafið þökk fyrir það liðna. Það er nú ávallt þannig að það bærast í brjósti manns til finningar þegar nýtt ár heilsar. Þær einkennast gjarnan af eftirvæntingu og trú á að framundan sé gott ár með góðri veðráttu og hagsæld. Í þetta sinn hef ég mikla trú á að almættið verði okkur gott á því ári sem er framundan. Ég er sáttur við árið sem var að kveðja þó veðráttan hefði mátt vera skemmtilegri. Ég þakka samstarfsfólki mínu fyrir afar gott samstarf á árinu sem var að ljúka og öðrum íbúum fyrir samskiptin. Ég vil meina að starfsemi hverrar deildar fyrir sig í sveitarfélaginu sé í góðum farvegi. Ársreikningur 2018 mun birtast okkur í mars eða apríl. Þá liggja staðreyndir rekstrarins endanlega fyrir. Ég á ekki von á öðru en árið 2018 verði skammlaust í rekstri sveitarfélagsins.

Íbúaföldinn í lok síðasta árs var 626 og fækkaði talsvert á árinu. Skýringin er sú að verkamenn við byggingu Búrfells 2 hafa yfirgefið svæðið. En það mun fjölga á ný ef að líkum lætur. Fjöldi fæddra barna á síðasta ári hér, gefur tilefni til væntinga um það. En það fæddust 10 börn. Sjaldan hafa árgangar verið stærrir en það í sveitarfélaginu síðustu áratugi. Því ber að fagna. Gaman væri að sjá eigi minni árgang 2019.

Sorpmálin

Sennilega eru flestir leiðir á þeim málaflokki. Nýjar tölur um flokkun sorp sem héðan fór á síðasta ári gefa til kynna að framför í þeim efnunum. Ég má til með að hrósa fyrir það. Ég hvet í senn íbúa til að gera enn betur á nýju ári. Það er mikil áskorun á gera betur í þessum efnunum á næstu misserum. Betri flokkun þýðir einfaldlega lægri kostnað. Sorpmagn héðan minnkaði nokkuð á síðasta ári, eftir að hafa aukist umtalsvert ár frá ári. Við munum á næstunni heimsækja heimilin og fyrirtækin í sveitarfélaginu. Í þeim heimsóknum verður fulltrúi frá

sveitarfélaginu og annar frá Íslenska gámafélaginu. Farið verður yfir flokkunarleiðir og hlustað eftir rödd íbúa um sorpmálin. Með viðhorfskönnun sem fram fór á síðasta ári teljum við okkur hafa nálgast betur þá rödd og viðhorfin í þessum málum. En við ætlum semsagt að vinna það lengra með heimsóknum og samtölum. Nú hafa gámsvæðin verið afgirt með rammlegum hætti og vona ég að það mælist vel fyrir. Það bendir allt til þess að sveitarfélögin á Suðurlandi muni þurfa að flytja óflokkaðan úrgang til útlanda í stað þess að urða hann hér. Sorpa hefur boðað að þar á bæ verði á næstunni hætt að taka við óflokkuðum úrgangi frá sveitarfélögum á Suðurlandi. Þetta mun að öllum líkindum kalla á aukinn kostnað, því miður. Nánar verður greint frá því síðar.

Þjónustumiðstöð - Áhaldahús

Sveitarfélagið hefur um langt skeið rekið áhaldahús. Það hefur nokkuð fjölþætt hlutverk. Undir það heyrir meðal annars öll umsjón með fasteignum sem og viðhald allra eigna sveitarfélagsins, sorpþjónusta og vinnu-

skóli a ónefndu veitu- og gatnakerfi. Í bókhaldi sveitarfélagsins hefur áhaldahúsið lengi heitið þjónustumiðstöð. Að mínu mati er það mun betur lýsandi heiti á því, ég hef lagt áherslu á að það nafn verði tekið upp. Í sérhverju sveitarfélagið hefur miðstöð af þessu tagi mikla þýðingu. Þjónustusig ræðst ekki síst af því að þjónustumiðstöð sinni vel sínu hlutverki. Um þessar mundir er auglýst eftir starfsmanni í þjónustumiðstöðina. Það eru ýmsar ástæður fyrir því. Umsjónarmaður gámsvæðanna mun láta af störfum 1. apríl næstkomandi. Innan fárra misseri mun núverandi starfsmaður þjónustumiðstöðvarinnar komast á aldursmörk. Krafa um hátt þjónustustig meðal íbúa, aukin verkefni sem og metnaður sveitarstjórnar til að veita sem besta þjónustu, hvetur okkur til sækja fram í þessum efnunum. Eins og kunnugt er, hefur sveitarfélagið nýlega tekið í notkun nýtt og glæsilegt húsnæði undir starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar.

Hvað er framundan?

Við sem stöndum að rekstri hreppsins, erum byrjuð að undirbúa ársuppgjör og fer vafalaust talsverður tími í það á næstunni. Nýtt skjalavistunarkerfi er verið að innleiða. Krafan um vistun skjala minnkar ekki, síður en svo. Skipulagsmálin hafa tekið mikinn tíma að undanfögnu og býst ég við nýja aðalskipulagið muni taka gildi í maí-júní nk. Framkvæmdir eru í deiglu. Ljúka þarf við gangstíga í hverfunum, auk gatnagerðar í Bugðugerði. Ef veðráttan veður hagsæð áfram verður þess freistað að vinna í þeim málum á næstunni. Að ónefndum friðlýsingaráformum í Þjórsárdal. Von er til að friðlýsing á hluta Þjórsárdalsins verði orðin að veruleika í vor.

Menningin

Þorablót er á næsta leyti. Eitt af því allra skemmtilegasta sem ég legg fyrir mig er að mæta á þorablót. Njóta dásendar matarins, samveru með sveitungum og ekki síst skemmtatriðanna, en margir leiksigrarnir hafa verið unnir á sviðinu í Árnesi á þeim árum sem ég hef átt heimili í sveitarfélaginu. Mörgum hefur tekist vel að bregða sér í gervi sveitarstjórnans. Mér þykkir vænt um að það skuli oft vera viðfangsefni. Leikdeild umf Gnúpverja mun vera að æfa leikrit sem verður frumsýnt síðar í vetur. Ég hlakka mjög til að sjá afrakstur þess. Ég dáist að eljusemi félaganna í leikdeildinni.

Umfram allt vona ég að framundan sé farsælt ár, með góðu heilsufari og hagsæld. Lifið heil.



Móttökuritari óskast til starfa.

Laus er til umsóknar staða móttökuritara hjá Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita hefur meðal annars það hlutverk að annast lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa fyrir aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins. Aðsetur móttökuritara er að Dalbraut 12 á Laugarvatni. Byggðasamlagið þjónar sveitarfélögum Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi.

Starfssvið :

- Símsvörun.
- Skráning og meðhöndlun skjala.
- Svörun fyrirspurna sem berast embættinu, bæði í gegnum síma og tölvupóst.
- Önnur almenn skrifstofustörf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði.
- Reynsla af skrifstofustörfum með áherslu á skjalavinnslu er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vilji til að kynna sér nýjungar og takast á við fjölbreytt verkefni.
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar um starf móttökuritara veitir Rúnar Guðmundsson í síma 480-5550 á skrifstofutíma. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfið hentar báðum kynjum.

Umsóknarfrestur er til og með 24. janúar 2019 og berist á netfangið runar@utu.is